

4. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 23. september 2014, kl. 19:30

Á fundinn mættu Kristín, Íris, Sæunn, Sigurður Hrafn, Arnar, Sólveig, Hlín, Eva og Sunna. Á fundinn vantaði Einar, Kristinn, Olgu, Hlíf (Sæunn var í hennar stað), Jón Finnboga og Berglindi Péturs.

Fundurinn fór fram á 3. hæð ÍSÍ.

1. Kröfur móta í áhaldafimleikum karla

Farið var yfir breytingar á kröfum móta í áhaldafimleikum karla.

Frjálsar æfingar: Óbreytt nema ártöl hafa færst fram um eitt ár. Búið að bæta við RIG og Evrópuleikum.

Prep: Uppfæra ártöl, búið að bæta við texta við 2. prep, þarf ekki sérstig til að ná því heldur viðurkennt við 18 ára aldur.

Flett var upp í kröfum móta til að athuga hvort þetta væri sambærilegt því sem var í fyrra. Ákveðið að setjum erlendu mótin aftast. Það var einhver smávægileg breyting á kröfum kvenna, en engar breytingar á innihaldinu.

Laga þarf bæði skjölin, þ.e. bæði kvenna og karlamegin og það verður þá annað hvort samþykkt í tölvupósti eða á fundi. Því er þessu máli frestað.

2. Réttindi og kröfur dómara í áhaldafimleikum karla

Farið yfir breytingar á réttindum og kröfum dómara í áhaldafimleikum karla. Dómararéttindum er breytt þannig að þetta sé líkt því sem er gert kvennamegin sem og í alþjóðlegum dómararéttindum.

Rætt um að það vanti fleiri dómara karlamegin. Því er þetta skref í rétta átt.

Þessar breytingar eru samþykktar.

3. Erindi frá THF varðandi aukamót í hóp fimleikum

Rökin fyrir aukamóti eru þau að RIG er orðið áhaldafimleikamót, þar af leiðandi dettur út mót í hóp fimleikum kvenna á meistarastigi. Því er tillagan sú að hóp fimleikarnir fái fyrirtækjamót. Vilji er fyrir því að halda þetta mót á Akureyri. Akureyri telja sig ekki eiga löglega fiber braut en með svona móti gæti það virkað sem góð pressa á bæjarfélagið. Tillaga sett fram að mótið verði með fyrirvara um að fengin verði lögleg fiber braut. Rætt var um að það væri svo sem ekkert að þessari braut, vantar þó 2 auka kubba upp á hlaup. Við erum ekki að taka ákvörðun um það á þessum fundi hvort mótið verði haldið á Akureyri, heldur að mótinu verður bætt við mótaskrá.

Samþykkt að aukamót í hóp fimleikum verði haldið.

4. Fyrirtækjamót

Erindi frá skrifstofu. Má kalla fyrirtækjamótin með einhverju fyrirtækjanafni? Fyrirtækjamótið um næstu helgi fengi því t.d. nafnið „Wow-mótið“. Hlín fjallaði um að sponsið þyrfti að koma fram löngu fyrir mót, þar sem að það sé ekki smekklegt að mótið heiti í mótaskrá „Fyrirtækjamót“. Svona mál ættu að vera klár í júní svo það komi fram á mótaskrá. Þarf þarf jafnframt að passa upp á að mótið sé á betri tíma næst.

EKKI verður tekin sérstök ákvörðun hér. Þetta verður þróað áfram.

5. Erindi frá TK varðandi ráðningu á landsliðsþjálfara

Það er búið að svara þessu, spurningin er mjög skýr, spurningar koma fram á erindinu frá TK.

- Hvaða kröfur eru gerðar til landsliðsþjálfara?
- Af hverju var starfið ekki auglýst?
- Hvaða verkferlum var farið eftir við val og ráðningu?
- Hvert er hlutverk landsliðsþjálfara?
- Eru gerðar aðrar starfshæfniskröfur til landsliðsþjálfara karla og kvenna? Reynsla, menntun?

Farið var yfir sögu málsins.

Þessu verður vísað til framkvæmdastjóra og sviðsstjóra landsliðsmála. Svar mun því berast með formlegum hætti frá skrifstofu FSÍ.

6. Erindi frá TK varðandi skipurit sambandsins

Þetta er til og það þarf að koma þessu áfram á heimasíðu FSÍ.

Málinu vísað til framkvæmdastjóra, sem mun koma þessu á heimasíðuna.

7. Erindi frá TK – Ábending á broti á ferlum við val á landsliði

Við erum að vinna við að laga verkferla í stærra samhengi. Við munum ekki breyta fortíðinni en þetta mun ekki koma fyrir aftur og þökkum við fyrir góða ábendingu og þykir það leitt að svona fór.

Sammála um að verkferlum verði fylgt hér eftir og þetta komi ekki fyrir aftur.

8. Erindi frá TK varðandi vinnufund með skrifstofu

Það eru til gögn frá þessum fundi og við biðjum skrifstofuna um að taka saman þessi gögn sem til eru.

Fjallað var um að það hafi farið mikil vinna fram á þessum degi sem og á öðrum vinnufundum sem haldnir hafa verið, því sé mikilvægt að hægt sé að nálgast gögn sem fara fram á svona fundum.

Þessu máli er vísað til skrifstofu sem mun athuga hvort hægt sé að nálgast gögnin.

9. NM2015, varðandi mótshaldara

Erindi kom frá skrifstofu.

Á FSÍ að halda mótið, á að úthluta því einhverju félagi eða skipta því á milli? Ef að mótið verður haldið í Laugardalshöll þá tekur ár að panta hana. Það þarf að fara hugsa þetta sem fyrst. Smá áminning.

Rætt var um það þurfi að klára uppgjör síðasta móts áður en tekin verður ákvörðun um þetta.

Ekki verður tekin ákvörðun um þetta núna. Áminning um að það þurfi að fara hugsa málin.

10. Fræðsluáætlun lögð fram til kynningar

Fræðsluáætlun var send á skrifstofu 15. ágúst. Gleymdist að setja fræðsluáætlun inn á fyrsta fundinn og það þarf að passa upp á þetta næsta haust. Mikilvægt að það gleymist ekki að setja fræðsluáætlunina fyrir stjórnarfund, ef þess sé þörf, sem og að hún sé birt á heimasíðu FSÍ. Framkvæmdastjórar félaganna vilja sjá hvernig veturinn liggur þar sem þeir vilja bjóða þjálfurum sínum upp á fjölbreytni og áætla kostnað.

Nú þegar hafa verið keyrð 5 námskeið.

Fræðsluáætlun var unnin í samráði við allar tækninefndirnar.

Stjórn setti sér það markmið að styðja við fræðslumálin á sínum fyrsta fundi. Þarf að skoða hvernig sá stuðningur verður.

Erum mjög framanlega af sérsamböndunum í fræðslumálum og á fræðslunefnd FSÍ mikið hrós skilið.

Samkomulag milli HÍ og ÍSÍ sem við þyrftum að nýta betur.

Um er að ræða kynningu á fræðsluáætlun og því þarf ekki samþykkja þennan lið. Allir sammála um að fræðslunefnd sé að skila mjög góðum störfum.

11. Kynningarfundur landsliðsþjálfara á verkefnum vetrarins

Landsliðsþjálfarar munu vera með kynningarfund á verkefnum vetrarins í næstu viku.

Rætt var um lágmörk í landslið o.s.frv. Hvernig er þetta í hópfileikum, eru lágmörkin jafn ströng og í áhaldafimeikum? Væri gott að hafa þau sýnilegri líkt og í áhaldafimeikunum. Mjög miklar kröfur eru gerðar áhaldamegin og eru þær mjög sýnilegar, en ekki er þetta jafn sýnilegt þegar kemur að kröfum í hópfileikum að hennar mati og fundarmenn sammála því. Af hverju er ekki farið oftar í landsliðsverkefni erlendis líkt og gert er áhaldamegin?

Rætt um fjölda verkefna á landsliðsþjálfurum. Góður punktur. Hægt að skoða þetta ferli betur.

Um að ræða kynningu og því þarf ekki að samþykkja þennan lið.

12. Þrjár fundargerðir frá TK lagðar fram

Til upplýsinga og kynningar.

13. Önnur mál

Skýrsla um Eurogym til og verður henni komið til FSÍ.

Rætt um FIG þingið í október. Erum við að tapa einhverju með því að senda engan? Teljum svo ekki vera þannig að í þetta skiptið er betra að spara þá fjármuni sem FSÍ á í betri verkefni. Þurfum fyrst að tala við Norrænu þjóðirnar á Norræna fundinn, svo á UEG fund og svo loks á FIG þing. Hefja nýtt ferli á réttan hátt. Mjög mikilvægt að við tökum þátt svo við fáum upplýsingar.

Norrænn fundur almennra nefnda, þurfum að koma okkur aftur inn í þann hring.

Fundi lokið kl. 21:00.